

Sp.

263. Tillaga til þingsályktunar

um fjárskipti 1948 í Eyjafirði norðan Akureyrar og í Skagafirði austan Héraðsvatna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram alger fjárskipti næsta haust á öllu svæðinu milli Héraðsvatna og Glerár við Akureyri, með þeim hætti, að þetta svæði verði sauðlaust í eitt ár.

Greinargerð.

Á nokkrum undangengnum árum hafa Þingeyingar og Eyfirðingar sunnan Akureyrar framkvæmt alger fjárskipti með stuðningi ríkisins. Hefur þetta gefið vel og bjargað þessum héruðum úr hallæris- og landauðnarhættu. Samþykkt hefur verið bæði af hlutaðeigandi bændum, sauðfjársýkinefnd og ríkisstjórn, að láta fara fram fjárskipti haustin 1947—1948 á öllu svæðinu frá austustu hreppum Barðastrandar- og Strandasýslu að Héraðsvötnum. Hafa fjárskiptin nú þegar farið fram á þessu svæði vestanverðu, og mikill áhugi fyrir framkvæmdum, þar sem ekki er enn búið að skipta. Þegar þessi miklu og kostnaðarsömu fjárskipti hafa farið fram og von er um stórfellda viðreisn sauðfjárþúskaþar í heilum fjórðungi, er yfirvofandi hætta af smitun frá sjúku fé í Skagafirði austanverðum og norðurhéruðum Eyjafjarðar. Hefur garnaveikin um margra ára skeið herjað á þessu svæði. Mörg úrræði til úrbóta hafa verið reynd án árangurs. Fjárskipti eru nauðsynleg á þessu svæði vegna þeirra bænda, sem þar búa. En auk þess stafar öllum öðrum héruðum í Norðlendingafjórðungi hætta af smitun frá þessu svæði, ef sauðfé með garnaveiki er þar á fóðrum og í högum, eftir að búið er að skipta alls staðar annars staðar norðanlands. Mjög mikil hætta er á samgangi fjár í Eyjafirði milli sýktra og ósýktra hluta héraðsins, því að þar eru ekki luktir fjallgarðar eða stór fallvötn til að styðjast við um vörnina. Girðingin við Héraðsvötn virðist ekki vera örugg, því að garnaveikin hefur borizt vestur yfir vötnin. Virðist þess vegna langhyggilegast að slátra öllu fé á þessu svæði að hausti og hafa landið sauðlaust eitt ár.